



## 1584. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
13.5.2015, kl. 11:30

Frímann Ari Ferdinandsson

### 1. Fundargerð 1583. fundar

Samþykkt með fyrirvara um breytingar.

### 2. Afreksmiðstöð Íslands

Undirbúingurinn hefur verið ítarlegur og tekið langan tíma. Ekki talið ásættanlegt að bíða lengur með að hefjast handa. Samþykkt að fela framkvæmdaráði að taka þau skref sem þarf til að Afreksmiðstöð Íslands geti hafið störf.

### 3. Stofnun félags um stúku

Gögn vegna stofnunar félags um stúku lögð fram. Málið verður klárað á næsta stjórnarfundum. Þessu tengt m.a. rætt um viðburðahald og að það gæti m.a. verið áhugavert að skoða betur hvernig staðið er að viðburðahaldi í Gautaborg. Einnig rætt um kröfurnar sem gerðar eru til knattspyrnuvalla á Íslandi og möguleg áhrif þeirra íþróttalíf í Reykjavík.

### 4. Samingaviðræður við borg

Formaður greindi frá stöðu mála. Núverandi samningar renna út um næstu áramót. Unnið í samráði við fulltrúa félaganna. Framkvæmdastjóri sendir lista með áhersluatriðum samninganna á stjórn.

### 5. Önnur mál

- Þing DSÍ verður 20. maí. Gústaf verður fulltrúi ÍBR.
- Björn sagði frá nýliðnu þingi KKÍ.
- Nefnd um lög ÍSÍ, óskað eftir tillögu frá ÍBR. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna áfram.
- Verkföll og möguleg áhrif á Smáþjóðaleikana, umræður.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:45.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari